



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 3. júní 2024 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson  
Sigurður Elmar Birgisson og Einar Gíslason.

### **1. Gæðingamót Fáks – Landsmótsúrtaka**

Lagðir eru fyrir stjórn listar með þeim knöpum og hestum sem öðlast hafa keppnisrétt á Landsmóti. Búið er að skoða listana með tilliti til laga og reglna LH um úrtökur og eru listarnir lagðir fyrir stjórn til samþykktar.

Stjórn samþykkir listana samhljóða.

### **2. Bifreiðakaup**

Stjórn hefur heimilað kaup á bifreið til afnota fyrir starfsmenn félagsins.

### **3. Reiðskólar**

Framkvæmdastjóri og formaður eru í samskiptum við reiðskóla varðandi áframhaldandi samninga í sumar. Þeir fá heimild til að klára samningana við reiðskólana.

### **4. Keppniskrakkar Fáks**

Framundan eru áframhaldandi undirbúningur barna, unglunga og ungmenna. Boðið verður upp á áframhaldandi Keppniskrakkanámskeið fyrir börn og unglunga og þá geta unglingar og ungmenni skráð sig í kennslu hjá Sigurbirni Bárðarsyni.

Þá mun stjórn safna fyrir jökkum fyrir þátttakendur í þessum flokkum á Landsmóti.

### **5. Beitarhólf og kerrusvæði.**

Komin eru drög að beitarhólfum sem eru kynnt stjórn. Þá er einnig stefnt að því að skipuleggja kerrusvæði.

**Fundi slitið 19:15.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**